

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 290/2015

2017/EES/38/58

frá 30. október 2015

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1365 frá 30. apríl 2015 um afhendingarsnið fyrir gögn um útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19za (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 724/2014) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„19zb. **32015 R 1365**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1365 frá 30. apríl 2015 um afhendingarsnið fyrir gögn um útgjöld vegna rannsókna og þróunarstarfsemi (Stjúd. ESB L 211, 8.8.2015, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/1365, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 211, 8.8.2015, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.